

**EYÞING**SAMBAND SVEITARFÉLAGA
Í EYJAFIRDI OG ÞINGEYJARSÝSLUM

Alþingi

Erindi nr. Þ 139/1709

komudagur

14.3.2011

Akureyri 14. mars 2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá samgöngunefnd Alþingis **frumvarp til umferðarlaga (heildarlög), 495. mál.** Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eyþings leggst gegn 4. málsgrein 82. greinar frumvarpsins um heimild til sveitarstjórna til gjaldtöku vegna notkunar negldra hjólbarða á nánar tilteknum svæðum, fyrir ákveðið tímabil eða ákveðin skipti eins og segir í frumvarpinu. Aðstæður í vetrarakstri á landinu eru mjög breytilegar og ekki verður séð hvernig framfylgja á banni á tilteknum svæðum, fyrir ákveðið tímabil eða ákveðið skipti, með viðunandi og sanngjörnum hætti. Í skýringu með greininni kemur t.d. fram að gert er ráð fyrir að ökumenn ökutækja sem aka inn á svæði þar sem gjaldskylda er fyrir hendi geti keypt leyfi fyrir einstakt skipti.

Stjórn Eyþings leggur til að í stað þess að festa ákvæði af þessu tagi í lög þá verði haldið áfram að beita fræðslu og áróðri. Það virðist t.d. hafa skilað verulegum árangri í að fá bíleigendur á höfuðborgarsvæðinu til að velja annan kost en nagladekk til vetraradekkjum sem muni leysa nagladekkin af hólmi á næstu árum.

Stjórn Eyþings gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við frumvarpið.

f.h. stjórnar Eyþings

Pjetur Þór Jónasson
framkvæmdastjóri